

Ár 2012, fimmtudaginn 15. nóvember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Vatnajökulspjóðgarðs

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, sbr. 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

II.

Með bréfi stjórnarformanns Vatnajökulspjóðgarðs, dagsettu 27. júní 2012, var óskað eftir endurskoðun á starfskjörum framkvæmdastjóra þjóðgarðsins. Óskað var eftir endurskoðun mánaðarlauna og fjölgun eininga þannig að launin yrðu í samræmi við raunverulegt umfang starfsins og ábyrgð framkvæmdastjórans. Í bréfinu kemur fram að framkvæmdastjórinn beri verkefnalega, stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð. Vísað er til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ábyrgðar framkvæmdastjórans samkvæmt 38. gr. þeirra laga. Í bréfinu leggur stjórnarformaður áherslu á að skoða verði löggin um Vatnajökulspjóðgarð og starfsmannalög í samhengi. Með bréfinu fylgdi ítarleg starfslýsing framkvæmdastjóra ásamt skipuriti þjóðgarðsins. Þar kemur meðal annars fram að framkvæmdastjórinn ber ábyrgð á rekstri þjóðgarðsins gagnvart stjórninni og heyri þjóðgarðsverðir undir hann. Fram kemur í bréfinu að starfinu fylgi mikil ferðalög, ekki síst yfir sumartímam. Í bréfinu eru raktar breytingar á rekstrarumfangi þjóðgarðsins frá stofnun hans. Gert sé ráð fyrir áframhaldandi aukningu í rekstri og framkvæmdum næstu árin. Heilsársstarfsmenn séu 12, en þegar taldir séu með aðrir starfsmenn, svo sem við landvörslu, verði heildarfjöldinn yfir 60. Þjóðgarðurinn nái yfir gríðarstórt svæði og skiptist í fjögur rekstrarsvæði.

Í bréfi umhverfisráðuneytisins til kjararáðs dagsettu 4. júlí 2011 er tekið undir beiðni stjórnarinnar. Í bréfinu undirstrikar ráðuneytið að starfi framkvæmdastjóra fylgi mikil fjármálaleg umsýsla, eftirlit með framkvæmdum við uppbyggingu þjónustunets þjóðgarðsins og mannhald. Jafnframt vill ráðuneytið koma þeim sjónarmiðum á framfæri að eftir þriggja ára reynslutíma í rekstri þjóðgarðsins meti ráðuneytið það þannig að framkvæmdastjórinn beri síst minni ábyrgð en aðrir forstjórar stofnana sem undir ráðuneytið heyra og að auki fylgi starfinu töluvert álag vegna ferðalaga innanlands vegna stærðar og umfangs þjóðgarðsins. Þá sé helsti álagstími í rekstri þjóðgarðsins frá mars til október ár hvert.

Með bréfi dagsettu 29. ágúst 2011 var fjármálaráðuneytinu gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Í svari fjármálaráðuneytisins dagsettu 12. september 2011 er ekki tekin afstaða til erindisins.

Með bréfi dagsettu 29. ágúst 2011 var framkvæmdastjóranum gefinn kostur á að koma á framfærin sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í bréfi framkvæmdastjórans dagsettu 12. september 2011 eru helstu verkefni framkvæmdastjóra þjóðgarðsins rakin. Hann hafi umsjón með daglegum rekstri þjóðgarðsins, beri ábyrgð á fjárhagslegri stjórnun hans og ábyrgð á fjárreiðum og reikningshaldi. Hann vinni tillögu að fjárhagsáætlun

Þjóðgarðsins, tillögur að rekstraráætlunum rekstrarsvæða hans og fyrir þjóðgarðinn í heild ásamt tillögu að framkvæmdáætlun fyrir hvert starfsár þjóðgarðsins. Þá annist hann samræmingu við framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins og starfsemi verndarsvæðanna. Hann fari með samræmingu á útgáfu leyfa innan þjóðgarðsins, yfirstjórn starfsmannamála og launamála og sé næsti yfirmaður þjóðgarðsvarða. Undir verksvið framkvæmdastjóra falli einnig samstarf við stofnanir, sveitarfélög, landeigendur og aðra hagsmunaðila um málefni þjóðgarðsins. Þá kemur fram í bréfinu að rekstarumfang þjóðgarðsins hafi fjórfaldast frá stofnun hans og megi gera ráð fyrir auknu rekstarumfangi á næstu árum þar sem ný landsvæði muni halda áfram að bætast við hann.

Með bréfi dagsettu 13. október 2011 fékk framkvæmdastjórinn send bréf umhverfisráðuneytis og fjármálaráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Engar athugasemdir bárust.

III.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð er þjóðgarðurinn ríkisstofnun og fer umhverfisráðherra með yfirstjórn mála er hann varða. Með stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri þjóðgarðsins fer sérstök stjórn skipuð til fjögurra ára í senn af umhverfisráðherra. Í 5. gr. laganna segir að stjórninni sé heimilt að ráða sér framkvæmdastjóra eða gera samning við aðra opinbera stofnun eða fyrirtæki um að annast daglegan rekstur og umsýslu stjórnar. Í 6. gr. laganna er fjallað um hlutverk stjórnar. Þar segir meðal annars að stjórnin hafi umsjón með náttúruvernd í Vatnajökulsþjóðgarði. Í lögnum segir einnig að þjóðgarðurinn skuli skiptast í fjögur rekstrarsvæði sem rekin skulu sem sjálfstæðar rekstrareiningar á ábyrgð þjóðgarðsvarða.

Í erindisbréfi fyrir framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs segir meðal annars að hann beri ábyrgð á stjórn stofnunarinnar í samræmi við lög hennar og skipurit og fari í umboði stjórnar með daglega stjórn stofnunarinnar. Þá segir að hann beri ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar og framfylgi þeim lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem um stofnunina gilda sem og einstökum fyrirmælum stjórnar um starfsemi hennar. Framkvæmdastjóri beri ábyrgð á gerð langtímaáætlunar fyrir stofnunina og að hún sé í samræmi við markmið hennar hverju sinni. Hann skal gera fjárhagsáætlun fyrir hvert ár þar sem gerð er grein fyrir hvernig helstu starfsmarkmiðum og áherslumálum yfirstandandi árs verði náð. Einnig segir að undir framkvæmdastjóra heyrir þjóðgarðsverðir sem starfi hver á sínu rekstrarsvæði

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnurmarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þygi þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð tók síðast sérstaka ákvörðun um launakjör framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs 22. september 2009. Frá þeim tíma hafa laun framkvæmdastjórans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Aukin umsvif og umfang í

starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs sem og samræmingarhlutverk framkvæmdastjóra hans gefa tilefni til breytinga á launum hans.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2011 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 132, krónur 647.384 frá 1. júlí 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 670.042 frá 1. mars 2012.

Frá 1. júlí til 30. september 2011 skal að auki greiða framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs 4 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Á sama tíma er eining 1% af launaflokk 502-126, eða 5.306 krónur.

Frá og með 1. október 2011 skal greiða framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs 13 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Frá sama tíma er eining 1% af launaflokk 502-132, krónur 6.473 frá 1. október 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 6.700 frá 1. mars 2012.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson